

Vígfús Þór Hróbjarsson,
Fulltrúi Bygginga- og skipulagsmála
Mýrdals- og Skaftárhrepps
Klausturvegi 15
880 Kirkjubæjarklaustur



Reykjavík, 11. júlí 2013
Tilvísun: UST20130500206/hdm

Lýsing fyrir Aðalskipulagsbreytingu vegna Þekkingarseturs á Kirkjubæjarklaustri.

Vísað er til erindis fulltrúa Bygginga- og skipulagsmála í Mýrdals- og Skaftárhrepps, er barst 31.05 2013 sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar á lýsingu Aðalskipulagsbreytinga vegna Þekkingarseturs á Kirkjubæjarklaustri sem var samþykkt í sveitarstjórn 12.febrúar til umsagnar.

Áætluð breyting á Aðalskipulagi 2010-2022

Viðfangsefni breytingarinnar er að stækka reit þjónustustofnunar þar sem er gert ráð fyrir þekkingarsetri á Kirkjubæjarklaustri. Staðsetning og afmörkun reitarins breytist ásamt því að reitir fyrir opið svæði til sérstakra nota og verslunar og þjónustusvæði breytist til samræmis. Þessi breyting kemur til af því að í gildandi aðalskipulagi er umræddur reitur of lítill fyrir þá starfsemi sem þekkingarsetrið á að hýsa.


Umsögn Umhverfisstofnunar


Umrætt svæðið liggur við Skaftá og er hluti svæðisins á gömlu túni og annar hluti á uppgrónum aurum þar sem er lággróður og víðir. Ekki er um að ræða svæði sem fellur undir náttúruvernd.

Samkvæmt mynd þrjú í lýsingu fyrir aðalskipulagsbreytingu vegna Þekkingarseturs á Kirkjubæjarklaustri, nær skipulagsreiturinn alveg að Skaftá. Umhverfisstofnun vill ítreka 14.gr. í skipulagsreglugerð nr. 90/2013, en þar segir um fjarlægðarmörk, að mannvirki skuli staðsetja að lágmarki 50 m frá ám, vötnum og sjó og skal lögð áhersla á að almenningur geti komist að og meðfram vötnum, ám og sjó eftir því sem hægt er á viðkomandi svæði.

Erindinu fylgir ágætis lýsing á breytingum Aðalskipulagsins og hvernig staðið muni vera að gerð umhverfisskýrslu og mati á umhverfisáhrifum áætlunar, en þar verður fjallað um efnahag, atvinnulíf og íbúáþróun auk þess sem gerð verður grein fyrir náttúruvá, gróðri, dýrum og menningarminjum. Umhverfisstofnun telur að mat á umhverfisáhrifum áætlana muni ná til annarra þátta framkvæmdarinnar og gerð verði grein fyrir þeim áhrifum í umhverfisskýrslu.

Virðingarfyllst


Hulda Dagmar Magnúsdóttir
Sérfræðingur


Sigríður Kristjánsdóttir
Sérfræðingur

Skipulagsstofnun

